

3. Fundargerð starfshóps um stöðu og stefnu úrgangsmála á Vesturlandi, haldinn mánudaginn 9. nóvember 2020 kl. 16 í gegnum tölvu.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Unnur Þóra Sigurðardóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Finnbogi Leifsson, Pétur Davíðsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Karitas Jónsdóttir, Eggert Kjartansson, Guðrún Reynisdóttir og Daniel Ottesen. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri og Teitur Gunnarsson ráðgjafi. Gestur fundarins var Páll S Brynjarsson.

Formaður stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf., Kristinn Jónasson, bauð fundarmenn velkomin á þriðja fund starfshóps.

1. Kristinn Jónasson, formaður, setti fund kl. 16:05

2. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

3. Aðgerðaráætlun, 1. drög

Teitur bað fulltrúa sveitarstjórna um að lesa vel og vandlega yfir þá kafla sem tilheyra þeirra sveitarfélagi. Hann fór yfir uppbyggingu kaflaskiptinga. Hann sagði kafla sveitarfélaganna verða að innihalda réttar upplýsingar fyrir framhaldsvinnu.

Þær dagsetningar sem komnar eru inn í drögin taka mið af regluverki Evrópusambandsins. Þær verða leiðréttar ef breytingar verða.

Hrefnu falið að kalla eftir athugasemdum, svo og samþykki er varðar kafla sveitarfélaganna. Teitur óskar eftir athugasemdum í síðasta lagi föstudaginn 13. nóv. n.k.

4. Framtíðarsýn

Kristinn ræddi framtíð sorpmála hjá sveitarfélögunum á Vesturlandi. Þær lausnir sem eru framundan og að sveitarfélög þurfa að taka ákvarðanir inn í framtíðina.

Karitas velti því upp hvort framtíðarsýnin yrði lögð upp út frá þarfagreiningu sveitarfélaganna og vinnu ráðgjafa.

Kristinn sagði ljóst að úrgangsmálin yrðu ekki leyst innan Vesturlands. Áhugi virðist vera fyrir því að Snæfellsnes, sem dæmi, jarðgeri sérsöfnuðum lífúrgangi í Stykkishólmi.

Dalabyggð geti hugsanlega komið inn í þá lausn. Syðri svæðin skoða væntanlega aðrar leiðir í úrvinnslu lífúrgangs. Skiptisamningur við SORPU bs. og jarðgerði í GAJA eða jarðgerð á Esjumelum. Nokkur sveitarfélög á syðra svæði Vesturlands lýstu yfir vilja til samstarfs við önnur sorpsamlög á SV-horninu. Vinna þarf samantekt yfir þarfir sveitarfélaganna og hvaða leiðir eru í boði.

Teitur fór yfir þær aðgerðir sem sveitarfélögin þurfa að sinna á næstunni. Rætt um að setja fram leiðir með afgerandi hætti og hvaða leiðir séu í boði. Spurning sé hvort sveitarfélögin vilji vera sér með sínar lausnir eða með öðrum.

Unnur Þóra ræddi um afstöðu Borgarbyggðar á aukningu urðunar í starfsleyfi.

Finnbogi sagði BB ekki leggjast á móti urðun en BB væri ekki á því að fá jarðgerð inn á svæðið.

Rætt um GAJA og sérsöfnun lífúrgangs til jarðgerðar. Teitur sagði stöðina taka við sérsöfnuðum lífúrgangi í framtíðinni. Stöðin hefði verið miðuð við að taka við minna flokkuðum úrgangi á meðan sérsöfnun lífúrgangs verður að veruleika.

Teitur telur magn til urðunar dragast saman á næstu fimm árum.

Næsta skref er upplegg hópsins.

5. Ólífrænn úrgangur

Hrefna vakti máls á túlkun úrgangs sem telst „ekki“ lífrænn en massinn má þó innihalda 6% af lífrænnun úrgangi samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar eins og staðan er í dag. Teitur sagði slíkan úrgang fara til brennslu erlendis. Rætt um árangur íbúa í flokkun og koma lífúrgangi í réttan farveg.

6. Samstarf og svæðisáætlun

Rætt um framtíðarsýn og samstarf við aðra landshluta/sorpsamlög inn í framtíðina. Kristinn sagði málaflokkinn flókin og margir væru að vinna á þessum vettvangi SV-hornsins. Skynsamlegast væri að sameina sorpsamlögin öll en 83% landsmanna búa á SV-horni landsins. Í dag séunnið á of litlu svæði og of margir væru að vinna að of litlum verkefnum. Halldóra spurði hvort það væri ekki leiðin, fara í samstarf við aðra landshluta með lausnir? Kristinn taldi pólitískan vilja fyrir sameiningu ekki uppi í stöðunni sem væri þó skynsamlegast fyrir samfélagið. Málefnið er sérhæft og því nauðsynlegt að hafa fólk með góða sérþekkingu í og yfirstjórnnum. Það að vera sífellt að skipta út stjórnnum sé ekki gott fyrir svo sérhæfð verkefni. Finnbogi sagðist vera sáttur við samstarf en ynni gegn sameiningu. Hann taldi mikilvægt að halda eignarhaldinu hjá sveitarfélögum á Vesturlandi.

Rætt um þjónustugjöld sveitarfélaganna er tengjast úrgangsmálum. Vigtun frá fasteignum í framtíðinni. Einnig rætt um brennslu og breytta sýn á starfsemi urðunarstaða þegar plast og lífrænn úrgangur fer í aðra farvegi.

Rætt um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir SV-hornið. Vinna dagsins í dag miðast við Vesturland sem nær ekki að koma öllum úrgangi í réttan farveg innan landshlutans.

Svæðisáætlun fyrir árin 2009 til 2020 má finna inn á slóðinni: <http://samlausn.is/>

Teitur fór yfir vinnu við svæðisáætlun SV-hornsins í heild sinni og samþykktarferli sveitarfélaganna. Hver sveitarstjórn samþykkir, í lok ferlis, áætlunina fyrir sitt leyti og er verðu með því formleg stefna hvers og eins sveitarfélags.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15

Fundarritari: HBJ